

115. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.

Haldinn í Bergi mánudaginn 21. nóvember 2022. Fundur hófst kl. 17:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dórópea Reimarsdóttir, Lovísa María Sigurgeirsdóttir og Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarfélagsins Bergs ses.

Dagskrá:

- 1. Ákvörðun byggðaráðs Dalvíkurbyggðar um framtíðarskipulag á rekstri Menningarhússins Bergs, skv. 1. lið fundargerðar byggðarráðs frá 17. nóvember 2022.** Farið var yfir minnisblað í 8 liðum, dags. 14. nóvember, sem lagt var fram á fundi byggðaráðs undirritað af Gísla Bjarnasyni, sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og Guðrínu Pálínu Jóhannsdóttur, sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Skýra þarf hvernig samið verður um greiðslu fyrir búnað og tæki í eigu Menningarfélagsins Bergs ses. Stjórnin leggur til að miðað verði við eignfærða stöðu 31. desember 2022 og að eftir á eigi hvorugur aðili frekara tilkall til eigna. Stjórn Menningarfélagsins Bergs ses samþykkir minnisblaðið en lítur svo á að rekstur veitingasölu eftir áramót sé óviðkomandi samkomulagi um yfirtöku Dalvíkurbyggðar á rekstri Menningarhússins Bergs.
- 2. Samningur um rekstur veitingasölu milli Dalvíkurbyggðar og Menningarfélagsins Bergs ses.** Stjórn menningarfélagsins leggur til að gerður verði sérstakur samningur um rekstur veitingasölu í Menningarhúsinu Bergi frá og með 1. janúar 2023 fram að því að búið verður að finna nýjan rekstraraðila.
- 3. Skipulagsskrá fyrir Mennignarfélagið Berg ses.** Farið yfir skipulagsskrá Menningarfélagsins Bergs ses og gerð tillaga að nauðsynlegum breytingum á henni. Boðað verður til fundar með stofnaðilum 7. desember 2022 til að fá nýja skipulagsskrá samþykta. Fundarboði mun fylgja tillaga að nýrri skipulagsskrá sem og fundargerðir síðustu tveggja stjórnarfunda Menningarfélagsins Bergs ses.

Fundi slitið kl. 19:35.